

<b>Titill</b>	Ferðir á eigin vegum II
<b>Skammstöfun</b>	FJAL3EV05
<b>Námsgrein</b>	Fjallamennska
<b>Viðfangsefni</b>	ferðir, eigin vegum, fjallaferðir, óbyggðir
<b>Þrep</b>	3
<b>Einingafjöldi</b>	5

<b>Lýsing:</b>	Í áfanganum er áherslan á sjálfstæði nemenda við að afla sér reynslu og færni í fjalla- og óbyggðaferðum. Miðað er við að nemandi fari í styttri og lengri ferðir á eigin vegum sem hann skipuleggur sjálfur. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi reynslu af göngu- og óbyggðaferðum.
----------------	--

<b>Forkröfur:</b>	FJAL2EV05
-------------------	-----------

<b>Þekkingarviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• grunnþáttum varðandi skipulag ferða og viðeigandi búnaði</li> <li>• kortalestri, áttavita og GPS</li> <li>• aðhlyningu í styttri og lengri ferðum</li> <li>• þverun straumvatna</li> <li>• eigin styrkleika og takmörkunum</li> <li>• mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim</li> <li>• tækifærum til fjallamennsku, hollrar útivistar og ferðalaga í nærumhverfi sínu</li> <li>• mikilvægi þess að ganga vel um landið</li> <li>• rötun og leiðarvali í fjalllendi</li> </ul>
------------------------	--

<b>Leikniviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina helstu þætti við skipulag og undirbúning fjalla- og óbyggðaferða</li> <li>• rata með hjálp áttavita og GPS</li> <li>• huga vel að sjálfum sér og öðrum í ferðum</li> <li>• velja stað til að þvera straumvatn</li> <li>• meta eigin styrkleika og takmarkanir</li> <li>• takast á við mismunandi aðstæður í óbyggðum</li> <li>• ganga vel um landið</li> <li>• velja milli mismunandi leiða sem henta hverju sinni til útivistar</li> </ul>
---------------------	--

<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri og lengri ferðir</li> <li>• geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður</li> <li>• geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt</li> <li>• rata af öryggi um ókunnar slóðir</li> <li>• meta aðstæður á raunhæfan hátt</li> </ul>
--------------------	---

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• undirbúa, fara í, skrá og meta eigin ferðir og geta dregið lærdóm af því</li> <li>• ígrunda eigin ferðir á gagnrýninn hátt</li> <li>• geta valið og farið í fjallaferðir við hæfi</li> <li>• leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum</li> <li>• geta notið þess að vera á fjöllum</li> </ul>
--	---

<b>Námsmat</b>	Leiðsagnarmat og námsmappa
----------------	----------------------------

<b>Leiðbeiningar/athugasemdir fyrir aðra kennara (valfrjálst)</b>	Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara. Nemandi skilar ferðaáætlun og er hún hluti af námsmöppu.
---	--